



Orðaheimurinn – Fýsileikarannsókn á málörvunarefni fyrir fjöltyngd leikskólabörn

Sædís Dúadóttir Landmark, Svava Heiðarsdóttir,
Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Þóra Másdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Meginmarkmið þessarar fýsileikarannsóknar var að leggja mat á hvernig málörvunarefnið Orðaheimurinn (World of Words) nýtist í íslensku leikskólaumhverfi. Annars vegar var fastheldni (e. fidelity) athuguð, þ.e. hversu nákvæmlega starfsfólkið fylgdi kennsluleiðbeiningum. Hins vegar var félagslegt réttmæti (e. social validity) skoðað eða mat leikskólastarfsfólks á hvort kennsluefnið hentaði íslensku leikskólaumhverfi. Málörvunarefnið var þýtt úr ensku og staðfært, en það kemur upphaflega frá Bandaríkjunum þar sem það hefur verið ítarlega rannsakað. Prófaðar voru tvær mismunandi útfærslur efnisins í tveimur leikskólum í Reykjavík. Annar leikskólinn fylgdi kennslustýrðri nálgun með nákvæmum leiðbeiningum um framkvæmd og innleiðingu Orðaheimsins. Hinn leikskólinn fékk öll málörvunargögn Orðaheimsins án kennsluleiðbeininga og lagði efnið inn með frjálsri kennsluaðferð. Þátttakendur voru fimmtán 3–4 ára fjöltyngd börn sem og þrjú leikskólakennarar og tveir starfsmenn á þremur deildum tveggja leikskóla. Eigindlegum aðferðum var beitt við söfnun og greiningu gagnanna. Tekin voru viðtöl við starfsfólkið, það beðið um að fylla út gátlista og halda dagbók auk þess sem skoðaðar voru upptökur frá íhlutunarstundum. Niðurstöður út frá greiningu dagbókarfærslna og gátlistum, þar sem rýnt var í innlögð og notkun efnisins, leiddu í ljós að þar sem farið var eftir kennslustýrðu nálguninni notaði starfsfólkið málörvunarefni Orðaheimsins mun oft og markvissar en þar sem frjálsu nálguninni var fylgt. Starfsfólki beggja leikskóla þótti efnið nýtast vel í málörvunarstundum og taldi það henta bæði ein- og fjöltyngdum börnum sem þurfa á aukinni málörvun að halda. Þetta bendir til þess að málörvunarefnið sé félagslega réttmætt, þ.e. að það henti íslensku leikskólaumhverfi og að íhlutun Orðaheimsins geti reynst fjöltyngdum jafnt sem eintyngdum börnum gagnleg. Fýsileikarannsóknir af þessu tagi eru nauðsynlegar til að aðlagja erlent málörvunarefni að íslensku leikskólaumhverfi og sem undirbúningur að viðameiri rannsóknum þar sem gagnsemi íhlutunar er rannsökuð frekar með t.d. samanburðarrannsóknum.

Efnisorð: Orðaheimurinn, málörvun, leikskóli, fjöltyngi, fýsileikarannsókn, félagslegt réttmæti

Inngangur

Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað hratt síðustu árin í íslensku samfélagi og fjöldi fjöltyngdra barna aukist samhlíða því. Ítrekað hefur verið sýnt fram á að mörg fjöltyngd börn eiga í erfiðleikum með að tileinka sér íslenskt mál, sem hefur áhrif á nám þeirra og líðan til lengri tíma (Elín Þöll

Þórðardóttir, 2021; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2022). Þess vegna er mikilvægt að hefja málörvun eins fljótt og kostur er því inngríp snemma á lífsleiðinni hefur jákvæð áhrif á málæfni barnanna og getur stuðlað að auknum tækifærum og betri líðan (Hulme o.fl., 2025; West o.fl., 2021).

Málörvunarefnið *World of Words* er bandarískt íhlutunarefni sem ætlað er að auka orðaforða, hugtakaskilning og þekkingu barna á heiminum með markvissri málörvun, meðal annars með samræðulestri (Neuman og Kaefer, 2018; Neuman o.fl., 2021). Ákveðin viðfangsefni eru tekin fyrir og innan hvers þeirra eru valin orð og hugtök sem sérstök áhersla er lögð á í skipulögðum málörvunarstundum. Viðfangsefnið tengjast öll innbyrðis og er miðað að því að skapa tengsl milli viðfangsefna, sem og þvert á þau. Efnið hefur verið þýtt og staðfært á íslensku og fengið nafnið Orðaheimurinn. Í þessari fýsileikarannsókn (e. viability study¹) er ætlunin að leggja mat á innihald og gagnsemi málörvunarefnis fyrir 3–4 ára fjöltyngd börn í íslenskum leikskólum.

Fjöltyngi og fjöltyngd leikskólábörn á Íslandi

Góður grunnur í íslenskri tungu er lykilforsenda læsis og einn stærsti áhrifaþáttur í námi barna á öllum stigum íslensks skólakerfis, og því nauðsynlegur svo fjöltyngd börn eigi möguleika á að standa jafnfætis íslenskumælandi eintyngdum jafnöldrum (Elín Þöll Þórðardóttir og Anna G. Júlíusdóttir, 2012; Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2010).

Fjöldi barna í íslenskum leikskólum sem talar annað tungumál heima en íslensku hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Í rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur o.fl. (2022) var kannað viðhorf leikskólustarfsmanna hérlendis til málörvunar barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu meðal annars í ljós að tæplega helmingur þeirra leikskólustarfsmanna sem tóku þátt töldu sig ekki hafa fengið fullnægjandi undirbúning í leikskólakennaranámi sínu til að sinna málörvun fjöltyngdra barna. Einnig taldi meirihluti þátttakenda sig ekki ná að styðja börnin nægilega við að efla íslenskufærni sína. Í rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur og Ástrósar Þóru Valsdóttur (2022) var skoðuð orðræða leikskólustarfsmanna í samtölum, sem fram fór í frjálsum leik, við 5–6 ára fjöltyngd og eintyngd börn. Niðurstöður bentu til að fjöltyngdu börnin heyrðu helmingi færri orð og setningar frá leikskólustarfmönnum, skoðað út frá mínútum, en auk þess heyrðu þau mun síður flóknari orð en eintyngdu börnin. Þar að auki var engum opnum spurningum eða orðainnlögnum beint til þeirra en hvort tveggja mátti finna í samtölum við eintyngda jafnaldra þeirra. Ályktað var að rækilega þyrfti að endurskoða samskipti milli leikskólustarfsmanna og fjöltyngdra barna þar sem magn og gæði samskipta sem börn á leikskólaaldri fá frá fjölskyldu, kennurum og öðrum umönnunaraðilum spáir fyrir um hvort börn nái góðum tókum á málinu. Þessar tvær rannsóknir Sigríðar og félagar benda til þess að starfsfólk leikskólanna virðist ekki hafa verið vel undirbúið til að takast á við þetta breytta landslag.

Orðaforði

Orðaforði barna á leikskólaaldri er jafnan bundinn því umhverfi sem málið er notað í. Þar af leiðandi er algengt að orðaforði fjöltyngdra barna skiptist annars vegar milli þeirra orða sem notuð eru heima við og tengjast fjölskyldulífi (þ.e. heimamál) og hins vegar skólalundnum orðaforða (þ.e. mál samfélagsins) (Oller o.fl., 2007). Hætta er á að þessi hópur barna eigi erfitt með að nýta hið ríkjandi mál samfélagsins til þess að segja frá því sem gerist innan veggja heimilisins og því sem tengist fjölskyldunni. Að sama skapi geta þau átt í vandræðum með að útskýra það sem fram fer í skólanum á heimamáli sínu þar sem orðaforði tengdur áður nefndum aðstæðum einskorðast gjarnan við hvert mál fyrir sig (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Þessi aðstæðubundni skortur á orðaforða getur einnig valdið vandræðum þegar börnin hefja grunnskólagöngu og hindrað þau í að nýta sér tungumálið við námið. Niðurstöður rannsóknar Elínar Pallar Þórðardóttur (2011) á fjöltyngdum börnum í Kanada bentu til að viðtökuorðaforði (e. receptive vocabulary) fjöltyngdra og eintyngdra barna væri mjög svipaður

¹ Íslensk þýðing á „viability study“ er orðrétt lífvænleikarannsókn en sú þýðing felur í sér aðra merkingu en höfundar greinarinnar vilja ná fram hér. Í ensku felst munurinn á viability study og feasibility study einkum í að fyrirnefnda formið vísar til þess að verið sé að rannsaka „lífvenleika“ aðferðar, hvort hún muni nýtast til langs tíma, standast tímans tönn. Síðarnefnda rannsóknarformið vísar einfaldlega til þess hvort aðferð virkar eða ekki, þ.e. ekki er endilega gerð krafa um langtímaþvirkni. Til einföldunar nota höfundar hugtakið fýsileikarannsókn í greininni þótt verið sé að kanna langtímaþvirkni aðferðarinnar sem um er fjallað.

ef þau fyrrnefndu vörðu að minnsta kosti 40–60% vöku tímans í málumhverfi hvors máls. Hjá eldri börnum þarf að hafa í huga að námið krefst þess að nemendur búi yfir fjölbreyttum orðaforða. Meðal fjöltyngdra barna á grunnskólaaldri verður skólamálið oft ríkjandi umfram heimamálið (Elín Þöll Þórðardóttir, 2017; Pearson, 2019; Proctor og Zhang-Wu, 2019). Sá hluti orðaforðans sem fjöltyngd börn búa yfir á heimamálinu nýtist þeim síður í málumhverfi skólans, en færni í skólamálinu skiptir sköpum fyrir árangur í námi (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016; Storch og Whitehurst, 2002). Því má segja að aukin málörvun á skólamálinu geti gagnast fjöltyngdum börnum verulega og gefið þeim möguleika á að standa jafnfætis skólasystkinum sínum í orðaforða og námsfærni.

Orðaforðakennsla og kennsluaðferðir

Í kenningum um orðaforðanám er kennsluaðferðum oft skipt í tvennt; beina og óbeina orðaforðakennslu (Dickinson o.fl., 2019; Guðmundur B. Kristmundsson, 2000; Marulis og Neuman, 2010). Bein orðaforðakennsla vísar til markvissrar kennslu eða innlagnar á tilteknum orðum en með óbeinni kennslu er átt við orðanám í daglegum samskiptum þar sem ekki er um beina innlögð eða útskýringar að ræða.

Orðanám leikskólabarna, samkvæmt safngreiningu Marulis og Neuman (2010), er gjarnan skoðað með beinni kennslu orða í samræðulestri (e. dialogic reading). Í samræðulestri felst að lesa með því að staldra við fyrir fram ákveðin orð, svokölluð markorð. Markorðin eru ekki meðal algengustu orða í daglegu tali heldur eru valin flóknari orð sem finna má í rituðum texta. Markorðin eru skýrð og skilgreind á einföldu máli með mörgum dæmum og í margvíslegu samhengi. Samræðulestur með kennslu markorða hefur reynst áhrifarík aðferð til að kenna ný orð (Beck o.fl., 2013; Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2022; Neuman, 2017; Neuman og Kaefer, 2018; Sigrún Alda Sigfúsdóttir o.fl., 2020). Rannsóknir á beinni kennslu orða hafa enn fremur leitt í ljós að mikilvægt er að bjóða börnum upp á næg tækifæri til að læra orð með því að ræða um þau og útskýra (Beck o.fl., 1982, 2013; Coyne o.fl., 2004).

Í óbeinni orðaforðakennslu er sjónum beint að hversdagslegum orðaforða í nærumhverfi. Ekki er um beina innlögð orða að ræða heldur fer orðanámið fram með því að nema orð í nánasta umhverfi (Coyne o.fl., 2004; Webb, 2020). Dæmi um óbeina orðaforðakennslu er bóklestur þar sem ekki er staldrað sérstaklega við ákveðin orð eða merking þeirra útskýrð nánar fyrir lesandanum eða þeim sem á hlýðir. Óbeinar aðferðir má einnig styrkja með hvatningu, markvissu samhengi og nægum endurtekningum (Dickinson o.fl., 2019; National Institute of Child Health and Human Development, 2000; Webb, 2020). Rannsóknir hafa auk þess ítrekað sýnt fram á mikilvægi þess að kenna börnum orð í gegnum leik með óbeinum aðferðum (Han o.fl., 2010; McLeod o.fl., 2019; Spiewak Toub o.fl., 2018).

Í áðurnefndri safngreiningu Marulis og Neuman (2010) kom í ljós að bein kennsla þar sem markorð voru tekin fyrir og útskýrð sérstaklega reyndist mun árangursríkari við að auka orðaforða barna ef hún var borin saman við óbeina kennslu, þar sem gengið var út frá því að börnin áttuðu sig á merkingu orðanna út frá samhengi. Þrátt fyrir ótvírætt gildi beinnar orðaforðakennslu læra börn stóran hluta orðaforða síns með óbeinum hætti, þar sem slíkt orðaforðanám er í raun viðvarandi eða stöðugt og fer fram bæði inni á heimilum barna og í leikskólanum (Guðmundur B. Kristmundsson, 2000).

Í orðaforðakennslu fjöltyngdra barna er mikilvægt að nota kennsluefni sem hefur verið rannsakað til hlítar í samanburðarrannsóknum. Í yfirlitsgrein Crowe o.fl. (2021) sem náði til 36 tungumála (ekki íslensku) var leitast við að finna kennsluaðferðir sem uppfylltu kröfur um gæðarannsóknir (í samræmi viðmið Council for Exceptional Children (CEC, 2014)) í tengslum við þjálfun í máli og lestri. Af 52 rannsóknum sem skoðaðar voru reyndust einungis 15 uppfylla fyrrnefndar kröfur. Aðeins ein af þeim, rannsókn á málörvunarefninu *World of Words* (Neuman o.fl., 2021), þótti henta

Íslensku leikskólaumhverfi því þar var orðaforðakennsla í brennidepli í gegnum samræðulestur og beinar og óbeinar aðferðir notaðar til að ýta undir orðanám og efla málfærni.

World of Words

Kennsluefnið World of Words (WOW) hefur skilað góðum árangri í málörvun ein- og fjöltyngdra barna í Bandaríkjunum (Crowe o.fl., 2021) og hefur Menntavísindastofnun Bandaríkjanna (Institute of Education Sciences) flokkað það meðal áreiðanlegra og gagnreyndra kennsluáferða til að efla málfærni barna (sjá What Works Clearinghouse o.fl., 2023). Megináhersla íhlutunarinnar er að efla málfærni barna, einkum máltjáningu þar sem áhersla er lögð á orð og hugtök (þ.e. dýpri þekkingu á völdum markorðum). Þessi færni er þjálfuð og styrkt bæði með beinni og óbeinni orðaforðakennslu með orðum úr umhverfi barnanna sem og flóknari orðum og hugtökum. Málörvunarefnið samanstendur af bókum, verkefnum og spilum. Efninu fylgja kennsluáætlanir og kennsluefni til að örva málfærni fyrir börn á leikskólaaldri sem og á fyrsta og öðru ári í grunnskóla. Hér verður fjallað um það íhlutunarefni sem ætlað er 3–4 ára leikskólabörnum. Íhlutunin fer fram í leikskólanum og felur í sér að auka orðaforðaþekkingu barnanna í gegnum samræðulestur, samtöl og málörvandi leiki (Neuman, 2017; Neuman og Kaefer, 2018; Neuman o.fl., 2016, 2021).

Í kennsluefninu er lögð áhersla á rökrétta uppröðun efnisins, frá einföldum bókum með einföldum texta til flóknari upplýsingabóka, svo þær styðji sem best við orðaforðaþróun og máltjáningu. Efnið skiptist í þrjár textagerðir. *Fyrirsjáanlegur texti* (e. predictable text) inniheldur rím eða endurtekningar orða sem gera börnum kleift að sjá fyrir orð, orðasambönd og atburði. *Frásagnartexti* (e. narrative informational text) er ögn flóknari textagerð en þar er um að ræða sögubækur með upplýsingamiðuðum texta en þó í frásagnarformi. Þyngsta textagerðin, *upplýsingatexti* (e. informational text) inniheldur mikið magn upplýsinga og krefst þess að börn hafi tileinkað sér *markorð* (e. target words) fyrri textagerða og hugtök sem tengjast efni bókanna. Bækurnar eru sérstaklega valdar með það í huga að byggja markvisst ofan á orðaþekkingu barnanna. Bækurnar sem um ræðir hafa að geyma skólatengdan orðaforða og í viðfangsefni hverrar bókar er einblínt á ákveðinn flokk orða og hugtaka sem falla undir tiltekið svið innan þess ramma. Einstök verkefni eru byggð inn í kennsluefnið á kerfisbundinn hátt þannig að ekki þarf að verja sérstökum tíma við að skipuleggja málörvunarstundirnar. Efnið er byggt upp þannig að það styðji sem best við nemendur og veiti næg tækifæri til að æfa þá í að færa rök fyrir máli sínu, að setja hugmyndir og efni bókanna í víðara samhengi og leggja þannig nauðsynlegan grunn að þeirri málfærni sem börn þurfa að ráða yfir á fyrstu árum grunnskólans (Neuman o.fl., 2021).

Fyrir fram ákveðin viðfangsefni, eða þemu, eru tekin fyrir í þriggja vikna lotum og fara málörvunarstundir fram þrisvar sinnum í viku. Viðfangsefnin eru sjö og tengjast öll náttúruvísindum og lífríki jarðar (t.d. mannlíkaminn og villt dýr). Valin eru nokkur markorð fyrir hvert viðfangsefni. Orð og hugtök eru tengd saman innan hvers viðfangsefnis, sem og þvert á þau, en fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að tvíátta (e. bidirectional) tengsl styrki orða- og hugtakanám (Neuman o.fl., 2021). WOW byggir á þremur grunnreglum: 1) að nota fjölbreyttar textagerðir, 2) að draga fram helstu kennsluatriði WOW með aðgengilegum verkefnalýsingum, og 3) að efla innbyrðis tengsl viðfangsefna (t.d. að tengja saman ólíkar bækur innan sama viðfangsefnis) sem og tengsl á milli þeirra (t.d. að tengja saman viðfangsefnin mannlíkaminn, matur og villt dýr: „Hvað borðar þú sem apar borða líka?“) (Neuman, 2017). Öllum viðfangsefnum fylgja kennsluáætlanir með spurningum sem sérstaklega er ætlað að ýta undir gagnkvæm tjáskipti og virka þátttöku allra barnanna í málörvunarstundunum. Orð og hugtök sem tekin eru fyrir í fyrri málörvunarstundum eru smám saman tengd við nýja þekkingu með endurtekningum og upprifjun. Þegar líða tekur á tímabilið er kennarinn hvattur til að halda sig meira til hlés í þeim tilgangi að styðja við sjálfstæði barnanna í svörum (Neuman o.fl., 2021).

Á síðastliðnum árum hafa fimm íhlutunarrannsóknir verið gerðar á WOW í Bandaríkjunum. Þeir hlutar efnisins sem miðuðu að því að auka orðaforða og hugtakaþekkingu barna á aldrinum 3–7 ára skiluðu marktækt betri árangri í íhlutunarhópunum miðað við samanburðarhópa. Í öllum rannsóknunum var notaður samræðulestur en einnig var stuðst við myndbönd og annað myndefni

sem tengdist viðfangsefnunum. Hópastærðir í rannsóknunum eru mismunandi en oftast er miðað við 15–18 nemendur í hverjum íhlutunarhópi. Lengd kennslustunda er yfirleitt 12–15 mínútur (Neuman og Dwyer, 2011; Neuman og Kaefar, 2018; Neuman o.fl., 2011, 2016). Í nýlegri rannsókn á WOW (Neuman o.fl., 2021) var fastheldni (e. fidelity) könnuð, þ.e. hvort kennarar gætu fylgt kennsluleiðbeiningum með því að nota lauslega forskriftarnálgun í málörvunarstundum (e. soft-scripted lessons). Með slíkri nálgun er vísað til sveigjanleika í innlögð þannig að kennarar fái tækifæri til að hafa eitthvað um kennsluleiðbeiningar að segja. Þannig er stutt við frumkvæði, reynslu og innsæi leikskólastarfsfólks. Kannað var hvaða áhrif þessi nálgun hefði á máltjáningu barnanna og var það skoðað sérstaklega með mælingum á orðaförða. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 4–6 ára börn, 39 í íhlutunarhópi og 34 í samanburðarhópi. Niðurstöður bentu til að fastheldni væri að mestu tryggð því meirihluti kennara (81%) fylgdi leiðbeiningum mjög vel og innleiddi alla þætti kennslustundarinnar. Einnig var marktækur munur á árangri leikskólabarnanna, í mælingum á hugtökum og orðflokjum, eftir því hvort þau voru í íhlutunar- eða samanburðarhópi. Að skiptast á í samræðum (e. conversational turns) hafði jákvæð áhrif á mælingar á máltjáningu, þ.e. því meira sem kennarar spurðu börnin út í viðfangsefnið, þeim mun skilvirkari voru þau í að flokka orð og útskýra viðkomandi viðfangsefni.

Af þeim rannsóknum sem hér hafa verið kynntar má ætla að WOW sé áhrifaríkt málörvunarefni meðal barna á aldrinum 3–7 ára, sérstaklega þeirra sem standa höllum fæti í máltökunni, meðal annars hjá börnum með ensku sem annað tungumál (sjá m.a. Neuman og Kaefar, 2018). Það ætti því að vera mikill ávinningur fyrir íslenskt samfélag að þýða og staðfæra efni sem þetta að íslensku leikskólaumhverfi. Í þessari grein er fjallað um niðurstöður tveggja meistararannsókna í talmeinafræði um notkun á WOW í leikskólum en efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenska tungu og fékk nafnið Orðaheimurinn (Svava Heiðarsdóttir, 2022; Sædís Dúadóttir Landmark, 2022). Markmið meistararannsóknanna var að skoða hvernig fyrirlögn var háttáð í tveimur leikskólum. Í öðrum leikskólanum var stuðst við kennslustýrða nálgun þar sem starfsfólk leikskólans fékk efni Orðaheimsins í hendur ásamt ítarlegum leiðbeiningum um notkun þess. Í hinum var frjálsri nálgun beitt með áherslu á leik, þ.e. starfsfólk leikskólans fékk allt efnið í hendur en án leiðbeininga um notkun þess. Annar tilgangur þessara rannsókna var að kanna félagslegt réttmæti, þ.e. hvort starfsfólkinu þætti Orðaheimurinn henta íslensku leikskólaumhverfi.

Við aðlögun kennsluefnis sem upprunalega er hannað í öðru landi er nauðsynlegt að skoða vel félagslegt réttmæti (e. social validity) þar sem tungumálið endurspeglar menningu og viðtekna hugsun hvers lands. Í athugun á félagslegu réttmæti er meðal annars horft til þess hvort notanda líki við tiltekna aðferð eða kennsluefni og hvort honum finnst kennsluefnið henta því starfsumhverfi sem hann vinnur í. Með öðrum orðum er nauðsynlegt að kanna hvort aðlögun efnisins (þýðing og staðfærsla) sé ásættanleg og að notendum hennar þyki hún gagnleg þar sem hún er tekin í notkun. Þannig er einn þáttur í fýsileikarannsókn að skoða félagslegt réttmæti við aðlögun kennsluefnis. Ef slík rannsókn gefur til kynna að kennsluefnið reynist vel er næsta skref að kanna hversu áhrifarík hún raunverulega er, hvort þau börn sem þátt taka í viðkomandi íhlutun taki raunverulegum framförum á þeim sviðum sem eru til rannsóknar í samanburði við börn sem ekki fá slíka íhlutun. Fýsileikarannsóknin sem hér er til umfjöllunar hafði ekki eingöngu þann tilgang að kanna aðlögun Orðaheimsins í íslenskum leikskólum heldur einnig að vera undirbúningur að viðamikilli rannsókn þar sem virkni meðferðarefnisins yrði könnuð í slembiraðaðri samanburðarrannsókn með þremur rannsóknarskilyrðum; íhlutun með Orðaheiminum (nákvæmar kennsluleiðbeiningar), íhlutun með kennslu í gegnum leik (án kennsluleiðbeininga) og engin íhlutun (Auður Ragnarsdóttir, 2024; Björg Einarsdóttir, 2024; Bryndís Bergþórsdóttir, 2024; Hanna Einarsdóttir, 2024; Kate Crowe, 2025).

Rannsóknarspurningar fýsileikarannsóknarinnar snúa því að tveimur meginatriðum:

1. Hver er fastheldni starfsfólks við innlögð Orðaheimsins?
2. Hvert er mat leikskólastarfsmanna á félagslegu réttmæti Orðaheimsins?

Efni og aðferðir

Byggt var á eigindlegri aðferð við öflun og greiningu gagna, skráningu og túlkun niðurstaðna (Lichtman, 2012). Tilgangurinn með að beita eigindlegri aðferð var að fá skýra mynd af rannsóknarefninu þar sem þátttakendur voru fáir en þannig gafst kostur á að grafa dýpra í viðfangsefnið. Gagna var aflað frá leikskólastarfsfólki með viðtölum, dagbókarfærslum og myndbandsupptökum.

Þátttakendur

Við val á þátttakendum var notast við markmiðsbundið úrtak (e. purposeful sampling) sem felur í sér að einstaklingar eru valdir með tilliti til tilgangs rannsóknarinnar (Lichtman, 2012). Valdir voru tveir leikskólar þar sem starfsfólk sýndi áhuga á að taka þátt og hlutfall fjöltyngdra barna á aldrinum 3–4 ára var hátt. Í leikskólanum sem notaði frjálsta nálgun við innlögn efnisins (með áherslu á leik) tóku þrír starfsmenn þátt á tveimur deildum en á hinum sem notaði kennslustýrðu nálgunina voru tveir þátttakendur á sömu deild. Þrír þátttakendur voru leikskólakennarar og starfaði einn á hverri deild. Menntun þátttakenda var margvísleg, einn starfsmaður hafði lokið meistaraþráðu, tveir bakkalárþráðu, einn var með próf frá Fósturskóla Íslands og einn með stúdentspróf. Þátttakendur höfðu unnið að meðaltali í 17 ár í leikskóla (spönn: 13–25 ár). Allir starfsmenn mátu íslenskufærni sína framúrskarandi og allir nema einn töldu sig hafa góða færni í ensku. Alls tóku 15 börn þátt, 11 börn á tveimur deildum annars leikskólans, en fjögur börn í hinum leikskólanum, öll af sömu deild, sjá *Töflu 1*. Öll börnin voru fjöltyngd, þ.e. höfðu fleiri en eitt tungumál í nánasta umhverfi sínu. Starfsmenn mátu íslenskufærni barnanna og sögðu að þau notuðu mest íslensku í leikskólanum. Allir foreldrar mátu máltöku í heimamáli barna sinna dæmigerða miðað við jafnaldra sem töluðu sama tungumál.

Tafla 1

*Aldur barnanna sem tóku þátt og málfærni þeirra í heimamáli og í íslensku að mati starfsfólks og foreldra**

Barn (deild)	Aldur	Heimamál	Málfærni* heimamál	Málfærni* íslenska	Íslenskunám hefst (aldur í árum)
1 (D1-F)	3;03	Enska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	0
2 (D1-F)	3;10	Pólska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	2;6
3 (D1-F)	3;10	Akran/enska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	1;0
4 (D-F1)	2;11	Enska/filippseyska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	2;6
5 (D1-F)	3;10	Enska/rússneska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	3;0
6 (D2-F)	3;07	X	X	Mjög góð	X
7 (D2-F)	3;08	Enska/íslenska	Dæmigerð	Mjög góð	0
8 (D2-F)	3;08	Enska/hindi	Dæmigerð	Ekki góð	X
9 (D2-F)	4;01	Bengali/enska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	2;6
10 (D2-F)	4;00	Enska/ísl./persneska	Dæmigerð	Ekki góð	2;0
11 (D2-F)	4;00	X	X	Í meðallagi góð	X
12 (D3-K)	3;10	Enska/þýska	Dæmigerð	Ekki góð	1;6
13 (D3-K)	3;10	Arabíska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	0
14 (D3-K)	3;10	Enska/íslenska	Dæmigerð	Ekki góð	0
15 (D3-K)	3;11	Pólska	Dæmigerð	Í meðallagi góð	X

*Foreldrar gáfu upplýsingar um færni í heimamáli og starfsmenn mátu færni barnanna í íslensku. X = upplýsingar vantaði. D-F er frjálsta nálgun, D-K er kennslustýrð nálgun.

Gagnaöflun

Viðtöl

Hópviðtöl voru tekin við starfsfólk beggja leikskóla um kennsluefnið. Þar sem stuðst var við kennslustýrða nálgun fóru viðtölin fram á tveggja vikna fresti meðan á íhlutun stóð og við lok íhlutunarskeiðs (sjö viðtöl). Leitað var eftir upplýsingum um framvindu fyriragnar og hvort einhver vafamál væru til staðar hjá þeim. Við leikskólann sem notaði frjálsu nálgunina voru eingöngu tekin viðtöl í lok íhlutunarskeiðs (tvö viðtöl). Í viðtölum starfsfólks beggja leikskóla voru viðmælendur spurðir um upplifun þeirra af efninu, hvernig þeim gekk að leggja það inn, hversu vel efnið hentaði aldrinum 3–4 ára, hvort bækurnar sem fylgdu Orðaheimsefninu væru viðeigandi (þ.e. hæfilegar að þyngd, of léttar eða of þungar). Þá var einnig spurt um hvort stuðningsefni hefði verið viðeigandi fyrir þennan aldurshóp, hvort kennsluleiðbeiningar sem fylgdu kennslustýrðu nálguninni væru skýrar og hvort þær byðu upp nægjanlegan sveigjanleika. Spurt var um hvernig gengið hefði að skipuleggja málörvunarstundir innan leikskólans og hvernig þeim hefði þótt börnin bregðast við efninu. Þá voru þeir spurðir um helstu kosti og galla efnisins, hvort þeir myndu nýta efnið aftur og hvort þeir teldu það nyttsamlegt og viðeigandi fyrir íslenskt leikskólaumhverfi.

Gátlisti

Starfsfólk kennslustýrðu nálgunarinnar var beðið um að fylla út gátlista sem fylgdi hverri málörvunarstund. Gátlistinn byggir á lauslegri forskriftarnálgun líkt og gátlistar fyrri rannsóknar bandarísku útgáfunnar. Þátttakendur gátu stuðst við leiðbeiningar í hverri málörvunarstund svo skýrt væri hvaða þættir skiptu mestu máli fyrir íhlutunina hverju sinni. Einnig voru uppástungur um aðferðir sem hægt væri að beita til að auka samræður í málörvunarstundunum. Hverjum gátlista fylgdu auð blöð fyrir athugasemdir um efnið (t.d. gagnsemi þess, skráning á þáttum eins og athygli barnanna við innlög). Starfsmenn voru beðnir um að skrá upplýsingar um lengd hverrar málörvunarstundar og fjölda barna sem tóku þátt. Þrjár síðustu málörvunarstundir hvers viðfangsefnis voru frjálssar upp að því marki að bækur og markorð fyrri stunda voru nýttar ásamt frjálsu vali á gagnvirkum leikjum (t.d. notkun bóka, leikja, spila eða söngs).

Dagbækur þátttakenda

Leikskólastarfsmenn, sem fylgdu frjálsri nálgun, fylltu ekki út gátlista en voru beðnir um að skrá ákveðnar upplýsingar hjá sér í hvert skipti sem þeir nýttu efni úr málörvunarkassa Orðaheimsins eða nýttu eigin hugmyndir að leikjum og söngvum sem efninu tengdust. Þeir voru beðnir að gefa upplýsingar um (1) dagsetningu, (2) tíma dags, (3) heildartíma sem efnið var notað og (4) fjölda viðstaddra barna. Einnig voru þeir beðnir um að (5) tilgreina hvaða efni þeir nýttu (bók, leikur, spil eða söngur o.s.frv.) og (6) skrifa niður athugasemdir um efnið (t.a.m. gagnsemi þess og athygli barnanna).

Myndbandsupptökur

Allir þátttakendur voru beðnir um að taka upp myndbönd af fimm mismunandi málörvunarstundum (á spjalddölvu) sem væru um 10–15 mínútur að lengd hvert. Tilgangurinn með upptökunum var að meta hversu vel leiðbeiningunum var fylgt, sem meðal annars fól í sér að athuga hvort allir þættir gátlistans hefðu verið framkvæmdir og hvort þátttakendur héldu sig innan þeirra tímamarka sem sett höfðu verið. Einnig var hlustað eftir hve oft markorðin voru nefnd í málörvunarstundunum og litið var til þátta eins og hvað starfsmennirnir gerðu til að halda athygli barnanna, hvað þeir töldu bera góðan árangur og hvað þeim fannst ekki virka eins vel.

Val á kennsluefni

Þýðing og staðfærsla málörvunarefnisins Orðaheimurinn

Líkt og áður kom fram byggir Orðaheimurinn í upprunalegri útfærslu á sjö mismunandi viðfangsefnum tengdum náttúruvísindum en um leið heimi barnanna (Neuman o.fl., 2021). Í þessari fýsileikarannsókn voru þrjú viðfangsefni til athugunar. Fyrir valinu urðu *mannslíkaminn* og *villt dýr* sem einnig eru í upphaflegu útfærslunni. Hins vegar var ákveðið að skipta viðfangsefninu *gæludýr* út fyrir *íslensku húsdýrin*. Talið var að gæludýr ættu ekki nógu vel við íslenskar aðstæður þar sem töluvert færri tegundir gæludýra eru á Íslandi samanborið við Bandaríkin og íslensk húsdýr jafnan meira áberandi í umhverfi barna hérlendis. Grunnbók Orðaheimsins (e. White paper) (Neuman, 2017) var þýdd í þremur lotum. Fyrst var hún beinþýdd og síðan aðlöguð af fyrstu tveimur höfundum þessarar greinar að íslenskri tungu og með íslenskt leikskólaumhverfi í huga. Í framhaldinu fóru meðhöfundar yfir og aðlöguðu enn betur að íslensku leikskólaumhverfi. Að lokum var óháður sérfræðingur (talmeinafræðingur) fenginn til að yfirfara þýðinguna.

Val á bókum

Við val á bókunum var internetið nýtt þar sem ítarlega var farið yfir þá titla barnabóka sem komu til greina og lýsingar á þeim. Leitað var gagna á fimm bókasöfnum og nokkrum bókabúðum þar sem innihald bókana var skoðað nánar. Bækurnar voru síðan valdar út frá viðfangsefnum og þess gætt að finna bækur sem féllu að öllum þeim þremur textagerðum sem Orðaheimurinn byggir á (þ.e. fyrirsjáanlegar bækur, frásagnarbækur og upplýsingabækur; sjá umfjöllun um textagerðir hér að framan). Samtals voru valdar 15 bækur, fimm fyrir hvert viðfangsefni (sjá *Töflu 2*).

Tafla 2

Bækur Orðaheimsins eftir viðfangsefnum

Mannslíkaminn	Íslensku húsdýrin	Villt dýr
Dísa litla	Íslensku húsdýrin	Hvíti björninn og litli maurinn
Gosi frá toppi til táar	Haninn og þröngu gallabuxurnar	Á dýrabaki
Tumi fer til læknis	Dýrin á bænum	Svona er að vera fílsungi
Ég og magnaði líkaminn* minn	Vala fer í húsdýragarðinn	Villt dýr
Litlir könnuðir: Líkaminn	Upp í sveit	Litlir könnuðir: Veröld dýranna

*Útbúin var einföld bók um líkamann þar sem stuðst var við erlenda bók sama efnis (Sweeney og Cable, 2018).

Val á markorðum

Hin mismunandi viðfangsefni Orðaheimsins og innihald þeirra tengjast almennt heimi barna. Líkt og í bandarísku útfærslu málörvunarefnisins voru markorð valin út frá þeim bókum sem valdar voru og þess einnig gætt að orðin væru sambærileg þeim sem koma fyrir í WOW. Auk þess voru valin nokkur orð „til áskorunar“ (í ensku útgáfunni er talað um „challenge words“), þau tengjast viðkomandi viðfangsefni en hafa víðari skírskotun. Orðin *gleraugu* og *tár* eru dæmi um áskorunarorð í viðfangsefninu *mannslíkaminn*. Sem dæmi um markorð úr sama viðfangsefni má nefna; *lungu*, *heili*, og *augu*. Myndaspjöld voru útbúin fyrir öll markorð og áskorunarorð.

Framkvæmd

Að lokinni þýðingu og staðfærslu á Orðaheiminum var efnið kynnt fyrir leikskólustarfröngum og þeim var afhentur málörvunarkassi með öllum gögnum efnisins. Kassinn innihélt 15 bækur og margvíslegt efni og hugmyndir að gagnvirkum leikjum sem tengdust viðfangsefnunum sem unnið var með; töfrapoka með 45 myndaspjöldum, söngvabók, bingóspjöld og samstæðuspil. Leikskólustarfröngmennirnir fengu spjaldtölvu til afnota í þeim tilgangi að taka upp fimm málörvunarstundir. Þeir sem fylgdu kennslustýrðu nálguninni fengu í hendur grunnbók sem fjallaði um áherslur málörvunarefnisins. Auk þess fengu þeir (a) verkefnalýsingu um uppsetningu og tíðni málörvunarstunda, (b) markorð og bækur hvernar stundar ásamt hugmyndum að leikjum og samtölum sem sneru að viðfangsefninu, (c) veggspjöld með áhersluatriðum hvers viðfangsefnis og (d) gátlista til að fylla út eftir hverja stund. Starfröngmennirnir sem fylgdu frjálsu nálguninni voru hvattir til að nýta efnið eftir bestu getu (án leiðbeininga) og bæta við eigin hugmyndum að leikjum og söngvum tengdu því. Þeir fengu einnig dagbók sem þeir voru beðnir um að fylla inn í hvert skipti sem þeir nýttu málörvunarefnið. Efnið var innleitt af þátttakendum yfir níu vikna tímabil.

Leyfi

Leyfa var aflað hjá foreldrum barna í rannsókninni og viðkomandi leikskólar veittu leyfi fyrir þátttöku. Umsögn barst frá Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir (umsóknarnúmer: 363242) þar sem engar athugasemdir voru gerðar um rannsóknarsnið eða framkvæmd.

Gagnagreining

Við greiningu viðtala, gátlista og myndbandsupptaka var efnisgreiningu (e. content analysis) beitt til að flokka efnisatriði í þemu og undirþemu. Mikilvægi þeirra fyrir rannsóknarefnið og tengsl þeirra við fræðilegt samhengi voru síðan skoðuð sérstaklega. Öll viðtölin voru afrituð af hljóðupptöku. Jafnframt skráðu rannsakendur hugleiðingar um framvindu rannsóknarinnar. Fastheldni (e. fidelity) eða nákvæmni fyrirliagnar var metin út frá þremur þáttum; fjölda og lengd málörvunarstunda (e. dosage), tryggð við framkvæmd (e. adherence) og gæði málörvunar (e. quality). Fjöldi og lengd málörvunarstunda voru metin út frá útfylltum gátlistum og dagbókum. Tryggð við framkvæmd var metin út frá myndbandsupptökum. Litið var til þess hvort allir þættir gátlistans hefðu verið framkvæmdir. Jafnframt var tryggð metin með því að skoða fjölda atriða sem lagt var upp með að vinna í málörvunarstundum og deila með fjölda þeirra sem raunverulega voru unnin. Hlustað var eftir hve oft markorðin voru nefnd í málörvunarstundum. Gæði voru könnuð út frá sömu myndbandsupptökum og meðal annars var litið til þess hvað starfröngmennirnir gerðu til að halda athygli barnanna, hvað bar góðan árangur og hvað mætti bæta. Að lokum var heildarfastheldni metin út frá gátlistum kennslustýrðu nálgunarinnar með því að skoða fjölda atriða sem lagt var upp með að fylgt yrði eftir í málörvunarstundum og deila með þeim fjölda sem raunverulega var lagður inn eða fylgt eftir.

Niðurstöður

Notkun málörvunarefnis Orðaheimsins

Fastheldni

Í leikskólanum sem fylgdi kennslustýrðu nálguninni var fjöldi málörvunarstunda samtals 27 (níu fyrir hvert viðfangsefni) eins og lagt var upp með í kennsluleiðbeiningum. Meðallengd allra málörvunarstunda viðfangsefnanna þriggja voru tæpar 20 mínútur (spönn: 17,5–25 mínútur) en upphaflega var lagt upp með að hver þeirra væri 12–15 mínútur. Við mat á tryggð við framkvæmd kom í ljós að í þeim fimm málörvunarstundum sem teknar voru upp á myndband sögðu starfröngmenn

markorð viðfangsefnisins að í meðaltali 81 skipti og meðaltal fjölda skipta sem hvert barn sagði markorðin var 20,4 skipti. Niðurstöður mats á gæðum stundanna sýndi að starfsmennirnir fylgdu gátlistanum að meðaltali í 77% tilfella. Oftast slepptu þeir að framkvæma atriðið: „Kennari aðstoðar börnin við að útskýra hugtökin (t.d. hvað er líkt/ólíkt með þessum orðum?)“. Að auki kom í ljós að hreyfingar og látbragðsleikur hélt börnunum vel við efnið (t.d. „hreyfa fingur og tær“ eða „láta hjartað slá“).

Athugun á dagbókarfærslum hjá leikskólastarfsfólki sem beitti frjálsum nálguninni leiddi í ljós að töluvert vantaði upp á að það fylgdi fyrirmælum um skráningu og myndbandsupptökur. Helst voru það samstæðuspil og púsl sem starfsfólkið nýtti en miklu síður bækurnar sem fylgdu efninu eða myndir með markorðaforða viðfangsefnanna. Á annarri deildinni var Orðaheimsefnið notað alls í 15 skipti og hver málörvunarstund varði að meðaltali í 22 mínútur (spönn: 15–25 mínútur). Starfsmaður hinnar deildarinnar skráði ekki nákvæmlega hvaða efni úr málörvunarkassanum var notað en fram kom að í 21 skipti hefði efni verið valið úr kassanum. Uppþökurnar sem skilað frá báðum deildum voru of stuttar til að hægt væri að greina nákvæmlega fjölda markorða sem sögð voru í málörvunarstundum. Í stuttu máli má því segja að gögn frá starfsmönnum leikskólans þar sem kennslustýrðu nálguninni var fylgt voru í öllum tilvikum markvissari og nákvæmari en hjá starfsmönnum skólans þar sem frjálstri nálgun var beitt.

Mat starfsfólks á félagslegu réttmæti Orðaheimsins

Í viðtölum við starfsfólk sem fylgdi kennslustýrðu nálguninni komu fram atriði sem hægt var að flokka sem jákvæð og neikvæð viðbrögð við málörvunarefni Orðaheimsins. Í upphafsviðtölum komu fram áhyggjur þess efnis að Orðaheimsefnið væri of þungt fyrir 3–4 ára börn en þegar leið á íhlutunarskeiðið var það almennt álit starfsfólks að efnið væri viðeigandi að þyngd fyrir þennan aldurshóp. Viðmælendur nefndu t.d. að bækur með upplýsingatexta hefðu reynst börnunum erfiðari að skilja en bækur með einfaldari texta. Þeir lögðu sérstaka áherslu á að markorðin á myndaspjöldunum hefðu verið góður stuðningur við bækurnar sem lesnar voru með börnunum. Þeim fannst einnig mikilvægt að fara í leiki tengda efninu, meðal annars til að koma til móts við hreyfipörf barnanna. Þá töldu viðmælendur einnig gott að mikið var um endurtekningar í uppbyggingu málörvunarstundanna og voru sérstaklega ánægðir með þriðja hluta hverrar málörvunarstundar (þar sem markorðin eru rifjuð upp) en þeim fannst hann bæta miklu við skilning barnanna á efninu. Þeim fannst efnið einnig henta óreyndu starfsfólki vel vegna þess hve aðgengilegar og skýrar verkefnalýsingarnar væru. Það sem þótti erfiðast var að vegna tímaskorts og starfsmannaeklu var stundum krefjandi að undirbúa málörvunarstundirnar. Til að aðlaga betur málörvunarefni Orðaheimsins að leikskólastarfinu stungu viðmælendur upp á að hafa efnivið í frjálsum leik inni á deild, sem tengdist því þema sem tekið væri fyrir. Enn fremur stungu þeir upp á að hafa málörvunarstundirnar skemur en 20 mínútur. Þá tóku þeir fram að eftir því sem hóparnir voru stærri þeim mun lengri urðu málörvunarstundirnar. Að síðustu nefndu þeir að auka þyrfti sveigjanleika í tengslum við innlögn þegar óróleika gætti í hópnum, sérstaklega þegar líða tæki á málörvunarstundina. Í heildina voru viðmælendur sammála um að efnið væri almennt mjög aðgengilegt, kennsluleiðbeiningar skýrar og stuðningsefni hjálplegt. Hins vegar töldu þeir að bækurnar væru ekki allar nægjanlega aðgengilegar eða hæfa viðkomandi viðfangsefni. Vert er að nefna að viðmælendur sögðu að börnin hefðu almennt verið áhugasöm í málörvunarstundunum, sérstaklega þegar þau voru beinir þátttakendur, t.d. fengu að draga myndaspjöld, fletta bókum og taka þátt í samræðum.

Í lokaviðtali starfsmannanna sem fylgdu frjálsum nálguninni kom fram að mat þeirra allra var að málörvunarefni myndi nýtast vel í íslensku leikskólaumhverfi. Þeim þótti gagnlegt að fá efni, tæki og tól til þess að vinna með og hafa svo frelsi til að þræða það inn í leikskólastarfið eftir þörfum. Þá töldu þeir efnið einnig hafa notagildi fyrir eintyngd íslensk börn sem þurfa á málörvun að halda þar sem efniviðurinn er þess eðlis að hann kveikur áhuga flestra barna. Þeir sögðu börnin hafa verið mjög áhugasöm um viðfangsefnin og töldu þann eiginleika Orðaheimsins að skapa tækifæri fyrir börnin að vera virkir þátttakendur sérstaklega standa upp úr. Aðspurðir hvort þeir hefðu kosið að fá ítarlegri

leiðbeiningar frá rannsakendum við innlög efnisins voru svörin misjöfn, sumum þótti gott að hafa frelsi við innlög en aðrir hefðu kosið að fá leiðbeiningar um framsetningu efnisins. Að lokum sögðust viðmælendur hiklaust myndu nota efnið aftur.

Umræða

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna fýsileika málörvunarefnis Orðaheimsins og hvort það hentaði íslensku leikskólaumhverfi. Rannsóknarspurningarnar voru tvær og sneru annars vegar að fastheldni eða nákvæmni við innlög efnisins og hins vegar hvort leikskólafólkið teldi það félagslega réttmætt. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunum með því að skoða tvær ólíkar leiðir við innlög efnisins á tveimur leikskólum, annars vegar með kennslustýrðri nálgun þar sem kennsluleiðbeiningum var fylgt og hins vegar frjálsri nálgun með áherslu á leik, án kennsluleiðbeininga. Niðurstöður leiddu í ljós að fastheldni meðal þeirra starfsmanna sem fylgdu kennslustýrðu nálguninni var miðlungs há til há, eða 79%, þvert á viðfangsefni, sem er svipuð fastheldni og hjá Neuman o.fl. (2021) þar sem hún var 81%. Ekki var hægt að skoða á sambærilegan hátt fastheldni meðal leikskólanna sem fylgdu frjálsu nálguninni þar sem þeir voru ekki með kennsluáætlun til að fylgja eftir. Allt bendir samt sem áður til þess að þeir hafi ekki notað efnið á jafn markvissan hátt. Þeir notuðu aðeins hluta efnisins og börnin endurtóku ekki markorðin jafn oft og í kennslustýrðu aðferðinni.

Seinni rannsóknarspurningin sneri að félagslegu réttmæti Orðaheimsins, þ.e. hversu vel efni sem var hannað fyrir bandarískar aðstæður (Neuman, 2017; Neuman og Kaefer, 2018; Neuman o.fl., 2016, 2021) passaði fyrir íslenskt mál og leikskólaumhverfi. Leikskólafólkinnir voru sammála um að efnið hentaði vel börnum sem þyrftu á aukinni málörvun að halda, hvort sem þau væru ein- eða fjöltyngd, og að flest barnanna hefðu verið áhugasöm og virkir þátttakendur í málörvunarstundum. Því má draga þá ályktun að málörvunarefnið sé viðeigandi fyrir íslenskt leikskólaumhverfi og að notkun þess gagnist jafnt fjöltyngdum sem og eintyngdum börnum.

Notkun málörvunarefnis Orðaheimsins og fastheldni starfsfólks

Greining á dagbókarfærslum og gátlistum leiddi í ljós að starfsfólk leikskólans sem studdist við frjálsa nálgun á efninu nýtti efni Orðaheimsins sjaldnar en það starfsfólk sem fylgdi kennslustýrðri nálgun. Skráningar á notkun og innlög markorða hjá fyrrnefnda hópnum voru einnig færri og ómarkvissari. Þetta má hugsanlega rekja til þess að starfsmenn frjálsu nálgunarinnar höfðu ekki nákvæmar leiðbeiningar um innlög og voru ekki vissir um hvað bæri að skrá. Málörvunarstundir leikskólanna beggja voru svipaðar að lengd og lagt hafði verið upp með, þ.e. um 20 mínútur að meðaltali. Leikskólafólkinnir beggja aðferða voru sammála um að stundirnar hefðu verið of langar og reynt á athygli barnanna. Þá virtust vera tengsl á milli stærðar íhlutunarhópa og tímalengdar málörvunarstunda, þ.e. eftir því sem hóparnir voru stærri þeim mun lengri voru stundirnar. Líklega tók lengri tíma að leggja inn markorð og fara í stuðningsefni sem fylgdi viðkomandi viðfangsefni eftir því sem fleiri börn voru í hópnum. Þátttakendur voru sammála um að íhlutun væri auðveldari eftir því sem hóparnir voru fámennari. Í bandarísku rannsóknunum um WOW voru hóparnir þó mun fjölmennari, oftast 15–18 nemendur (Neuman og Dwyer, 2011; Neuman o.fl., 2016, 2021). Þótt velta megi fyrir sér hvers vegna henti betur í íslenskum leikskólum að vera með fámennari hópa er ljóst samkvæmt niðurstöðum að í áframhaldandi rannsóknum þarf að gæta að stærð hópanna. Líklega munu málörvunarstundir styttest fyrir vikið en eins og lagt var upp með í upphafi rannsóknar ætti að miða við að hver stund sé 12–15 mínútur að lengd, enda samræmist það bandarísku rannsóknunum á WOW. Myndbandsupptökur sem greindar voru staðfestu að vissu leyti það sem hér hefur komið fram um lengd málörvunarstunda en þó var erfitt að nýta þær til nákvæmrar greiningar því þátttakendur sem fylgdu frjálsri nálgun tóku mun styttri myndbönd en starfsfólkið sem fylgdi kennslustýrðri nálgun. Þó var vel hægt að greina hvað hélt vel athygli barnanna og hvað skilaði sér ekki eins vel. Á myndböndunum var hægt að fylgjast með innlögum markorða og ljóst að

Í kennslustýrðu nálguninni var hún mun markvissari og magnið (ílagið) meira. Þessar niðurstöður má túlka sem svo að ef starfsmenn fá ítarlegri leiðbeiningar með gátlistum verður skráning þeirra á framsetningu og framvindu efnisins mun ítarlegri og fastheldni því meiri.

Að lokum má nefna að allir viðmælendur voru staðráðnir í að nýta málörvunarefni Orðaheimsins áfram eftir íhlutun. Þeir tóku fram að þeir væru byrjaðir að aðlaga efnið á þann hátt að bæta við hreyfileikjum, aðlaga lestur að getu hvers hóps fyrir sig sem og spurningar sem fylgdu hverri bók, þar sem börnin voru spurð út í efni bókanna.

Mat starfsfólks á félagslegu réttmæti Orðaheimsins

Þegar nýtt íhlutunarefni er prófað í leikskóla er mikilvægt að kanna mat notenda þess á félagslegu réttmæti efnisins, þ.e. hve aðgengilegt það er í innlögn og hvort það hentar því umhverfi sem það er aðlagað að. Starfsfólk leikskólanna í rannsókninni var sammála um að málörvunarefni Orðaheimsins væri bæði aðgengilegt og vel útfært og myndi henta vel íslensku leikskólaumhverfi og leikskólamenningu. Með öðrum orðum má segja að Orðaheimsefnið uppfylli kröfur um félagslegt réttmæti kennsluefnis. Þótt starfsmennirnir sem fylgdu frjálsum nálguninni (án kennsluleiðbeininga) hafi sumir ekki talið sig þurfa á ítarlegum leiðbeiningum að halda var ljóst að innlögn var mun markvissari þegar starfsmenn fengu slíkar leiðbeiningar. Í ljósi niðurstaðna fyrri rannsókna á efninu (Neuman og Dwyer, 2011; Neuman og Kaefer, 2018; Neuman o.fl., 2016, 2021), um að málörvunarefnið beri góðan árangur svo fremi sem kennsluleiðbeiningum sé fylgt, má álykta að í íslenskum leikskólum sé einnig mikilvægt að farið sé eftir leiðbeiningum. Þetta á einnig við um lengd málörvunarstunda og hversu lengi hvert viðfangsefni er tekið fyrir.

Leikskólastarfsmennirnir töldu heppilegra ef bækurnar, sem lesnar voru, væru í styttra lagi þar sem þær bækur eru auðskiljanlegri börnunum og reyna ekki eins mikið á athygli þeirra. Full ástæða er til að endurskoða lengd bóka fyrir næstu rannsókn þar sem lengri bækur auka heildartíma málörvunarstundanna sem voru að jafnaði lengri en verkefnalýsingar segja til um. Þar sem starfsmenn nefndu einnig tímaskort sem eina stærstu hindrunina við málörvun fjöltyngdra barna er ljóst að aðlaga þarf innihald Orðaheimsefnisins enn betur. Þessi athugasemd á einnig við um þau börn sem eru með slakan málþroska, þurfa einfaldara efni og styttri bækur. Því skiptir miklu máli að lesa bækurnar í þeirri röð sem lagt er upp með í kennsluleiðbeiningunum, sem hefst á einföldum bókum með rími og endurtekningum áður en farið er í flóknari og lengri texta. Ef þessari framvindu er fylgt er auðveldara að leggja góðan grunn að skilningi barnanna á flóknari upplýsingabókunum (Neuman og Dwyer, 2011; Neuman og Kaefer, 2018; Neuman o.fl., 2016, 2021).

Til að bæta málörvunarefni Orðaheimsins stungu viðmælendur upp á að hafa efnivið í frjálsum leik inni á deild, sem tengist því þema sem tekið er fyrir í hvert sinn. Áhugavert væri að skoða sérstaklega tengsl leiks og gagnsemi hans við orðaforðakennslu en niðurstöður rannsókna benda til þess að blöndun leiks við beina orðaforðakennslu styðji enn frekar við orðaforðaþróun barna á þann hátt að þau tileinki sér ný orð hraðar (Han o.fl., 2010; McLeod o.fl., 2019; Spiewak Toub o.fl., 2018).

Forvitnilegt væri að rannsaka gagnvirk samskipti í málörvunarstundum í samræmi við rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur og Ástrósar Þóru Valsdóttur (2022) um orðræðu leikskólastarfsmanna við 5–6 ára börn. Niðurstöður þeirra leiddu í ljós að fjöltyngdu leikskólabörnin fengu helmingi færri orð, setningar og engar opnar spurningar, ásamt að notuð voru mun algengari orð samanborið við eintyngda jafnaldr. Með því að leggja Orðaheimsefnið inn í minni hópum eru meiri líkur á að börn fái næg tækifæri til að taka þátt í því gagnvirka kennsluefni sem hér um ræðir (Hutchins og Schmitt, 2024). Auk þess gætu smærri hópar dregið úr líkum þess að þau börn sem verr standa í íslensku dragi sig í hlé þegar þau eru á meðal barna sem betur standa í tungumálinu. Þá er mikilvægt að líta til niðurstaðna Sigríðar Ólafsdóttur o.fl. (2022) sem sneri að viðhorfi leikskólastarfsmanna til málörvunar fjöltyngdra barna. Leikskólakennarar töldu sig ekki hafa fengið fullnægjandi undirbúning í leikskólakennaranámi sínu til að sinna málörvun þessa hóps og er það þáttur sem skiptir sköpum

til að geta sinnt viðeigandi málörvun fjöltyngdra leikskólubarna. Leikskólastarfsfólk sem þátt tók í þessari rannsókn um Orðaheiminn var sammála um að kennsluleiðbeiningar væru skýrar og að allt starfsfólk leikskólanna ætti að geta fylgt þeim til hagsbóta fyrir ein- og fjöltyngd börn.

Takmarkanir rannsókna og tækifæri til frekari rannsókna

Við túlkun niðurstaðna verður að hafa í huga að þátttakendur sem lögðu mat á málörvunarefni Orðaheimsins voru fáir og endurspeglar mat þeirra því ekki mat allra leikskólakennara um kosti og galla efnisins. Auk þess vantaði töluvert upp á skráningar hjá þeim sem notuðu frjálstu nálgunina og því ekki hægt með öryggi að álykta um hvernig þeir notuðu málörvunarefnið. Rannsakendur urðu þó að reiða sig á að skráningarnar hefðu verið nákvæmar. Eftir sem áður gefur rannsóknin fyrirheit um gagnsemi efnisins og er leiðbeinandi í áframhaldandi aðlögun og rannsóknum. Fjölmargar athugasemdir viðmælenda verða teknar til greina og efnið betrubætt áður en frekari rannsóknir verða gerðar. Athugunarvert væri að skoða sérstaklega stærð hópa í íslensku leikskólastarfi, til dæmis í samanburði við hópastærð í Bandaríkjunum þaðan sem rannsóknir á Orðaheiminum eiga uppruna sinn.

Ályktanir

Rannsókn þessi var liður í íslenskri aðlögun málörvunarefnis Orðaheimsins sem ætlað er fjöltyngdum leikskólabornum á aldrinum 3–5 ára. Fastheldni á notkun efnisins var könnuð með því að skoða hvernig starfsmenn háttuðu innlögn málörvunarefnisins. Einnig var félagslegt réttmæti Orðaheimsins kannað út frá mati þátttakenda á notkun efnisins. Helstu niðurstöður bentu til þess að fastheldni íhlutunar hefði verið góð og málörvunarefnið félagslega réttmætt að mati leikskólastarfsmanna. Ljóst er að mikill fengur er að málörvunarefni sem stenst kröfur um félagslegt réttmæti því án þess eru ekki líkur á að efnið sé nýtt sem skyldi í leikskólum. Þessi fýsileikarannsókn sýnir svo ekki er um villst að ekki er nóg að þýða erlent efni án þess að aðlaga að tungumáli og menningu viðkomandi lands þó að ítarlegar rannsóknir liggja að baki því í upprunalandinu. Með tilkomu Orðaheimsins verður hægt að styðja við málþroska fjöltyngdra barna en það er sá hópur sem gjarnan stendur höllum fæti samanborið við eintyngda jafnaldra.

World of Words in Iceland: A validity study of treatment material for multilingual children

Children who grow up in a multilingual language environment are at risk of acquiring only limited skills in the language used within the broader society and the school system. A strong language foundation is a key prerequisite for literacy and proficiency in Icelandic and one of the biggest influencing factors in children's learning at all levels of the Icelandic school system. While multilingual children generally reach the language skills of their monolingual peers given ample exposure to quality input in each language (Elín Þöll Þórðardóttir, 2011), recent evidence indicates this is not the case for multilingual children in Iceland. Studies on Icelandic proficiency among children and young adults who speak another language at home reveal significant disparities compared to their monolingual Icelandic-speaking peers (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021; Hjördís Hafsteinsdóttir et al., 2022; Sigríður Ólafsdóttir et al., 2022). Providing early intervention for multilingual children's language skills can contribute to positive results in the later stages of school, increased opportunities and better well-being (Hulme et al., 2025; West et al., 2021).

The main objective of the study was to investigate the viability of the World of Words (Neuman et al., 2021) intervention within the Icelandic preschool environment. Further, the social validity in implementation of the intervention among preschool staff was investigated. The intervention materials were translated and culturally adapted by the authors of this paper. World of Words is a research-based vocabulary and comprehension

support for early literacy that integrates rich vocabulary instruction in science-based topics which was developed for use by preschools with English language learners and special education children in the United States. Intervention materials were translated into Icelandic and culturally adapted for the Icelandic context. A viability study was then carried out where use of the materials was tested in two different contexts within two preschools in Reykjavík. All the children (n=15) that participated were 3–4 years old and multilingual. One preschool implemented the soft-scripted, teaching-guided World of Words intervention as well as books (shared reading) and materials related to the themes of the three topics included in the intervention. This programme was named Orðaheimurinn in Icelandic. The other preschool received only the materials and school staff were encouraged to use the materials and their own teaching methods to deliver teaching around the target vocabulary.

The results of diary entries and checklists showed that preschool staff using World of Words spent more time working on vocabulary intervention, making the dosage of the intervention greater for this group. Staff from both preschools considered their interventions to have social validity and said they would continue to use the intervention after the research had concluded. Staff found it useful to be able to access intervention plans and materials that could be used during language stimulation sessions and believed that it was useful for children who need more language support, regardless of whether they are monolingual or multilingual. It is concluded that use of this teacher-guided intervention approach for language stimulation is appropriate for the Icelandic preschool environment. Staff's comments and lessons learned about the intervention and its implementation in Iceland from this viability study will be used to inform future studies.

Key words: World of Words, language stimulation, preschool, multilingualism, validity study, social validity

Um höfunda

Sædis Dúadóttir Landmark (saedis0606@gmail.com) er talmeinafræðingur með meistarapróf í talmeinafræði frá Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk námi árið 2022 með meistararannsókninni *Orðaheimurinn – Málörvun fjöltyngdra leikskólabarna í gegnum leik* þar sem hún skoðaði fýsileika og árangur þýdds og staðfærðs málörvunarefnis í íslensku leikskólaumhverfi. Sædis er einn þýðenda Orðaheimsins, málörvunarefnisins sem rannsóknin byggir á.

Svava Heiðarsdóttir (svahei@gmail.com) er talmeinafræðingur með meistarapróf í talmeinafræði frá Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraprófi árið 2022. Í meistararannsókn sinni, *Orðaheimurinn – Málörvun fjöltyngdra leikskólabarna með kennslustýrðri nálgun*, kannaði hún fýsileika og árangur þýdds og staðfærðs málörvunarefnis í íslensku leikskólaumhverfi. Svava er einn þýðenda Orðaheimsins, málörvunarefnisins sem rannsóknin byggir á.

Jóhanna Thelma Einarsdóttir (jeinars@hi.is) er prófessor í talmeinafræði við Háskóla Íslands, bæði á Heilbrigðisvísindasviði og á Menntavísindasviði. Hún lauk doktorsprófi við læknadeild Háskóla Íslands árið 2009. Rannsóknir Jóhönnu hafa beinst að stami í tali, bæði að mælingum og meðferð en einnig framvindu stams. Auk þess hefur Jóhanna skoðað máltöku barna, fjöltyngi, málþroskaröskun og komið að þróun málþroskaprófa fyrir börn.

Þóra Másdóttir (tm@hi.is) er dósent í talmeinafræði við læknaeild á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Auk þess vinnur hún sem sjálfstætt starfandi talmeinafræðingur í Hæfi endurhæfingu. Þóra lauk doktorsprófi í talmeinafræði frá Newcastle University í Bretlandi 2008. Rannsóknasvið hennar eru hljóðþróun barna, málhljóðaröskun og þróun málþroskaprófa fyrir börn.

About the authors

Sædis Dúadóttir Landmark (saedis0606@gmail.com) is a speech and language pathologist with a master's degree from the University of Iceland, School of Health Sciences. She completed her MS degree in 2022 with a thesis titled *Orðaheimurinn – Language Stimulation for Multilingual Preschool Children through Play*. In the thesis she explored the feasibility and effectiveness of adapting a U.S.-based language intervention programme to the Icelandic preschool context. Sædis is one of the translators of *Orðaheimurinn*, the language intervention material on which the study is based.

Svava Heiðarsdóttir (svahei@gmail.com) is a speech and language pathologist with a master's degree from the University of Iceland, School of Health Sciences, graduating in 2022. In her master's thesis, *Orðaheimurinn – Language Stimulation for Multilingual Preschool Children through a Guided Teaching Approach*, she explored the feasibility and effectiveness of a translated and adapted language intervention programme in the Icelandic preschool context. Svava is one of the translators of *Orðaheimurinn*, the language intervention material on which the study is based.

Jóhanna Thelma Einarsdóttir (jeinars@hi.is) is a professor at the University of Iceland, in the School of Education and School of Health. Jóhanna completed her PhD studies at the University of Iceland in 2009. Her research has focused on stuttering and measures and treatment of stuttering as well as general language acquisition, bilingual studies, developmental language disorders and development of standardised language tests for children.

Þóra Másdóttir (tm@hi.is) is an associate professor of speech and language pathology at the University of Iceland, School of Health Sciences. Further, she is a practicing speech and language pathologist/therapist in Hæfi, a private rehabilitation clinic. Þóra completed her PhD studies at Newcastle University (UK) in 2008. Her research areas include phonological development and disorders in Icelandic-speaking children and development of standardised language tests for children.

Heimildir

- Auður Ragnarsdóttir. (2024). *Preschool teacher shared-reading behaviors: A pilot study of the effect of explicit training in the Orðaheimurinn study* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/48643>
- Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing words to life: Robust vocabulary instruction*. Guilford Press.
- Beck, I. L., Perfetti, C. A. og McKeown, M. G. (1982). Effects of long-term vocabulary instruction on lexical access and reading comprehension. *Journal of Educational Psychology*, 74(4), 506–521. <https://doi.org/10.1037/0022-0663.74.4.506>
- Björg Einarsdóttir. (2024). *Fidelity of a soft-structured intervention evaluated in Icelandic preschools: Orðaheimurinn* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/48629>

- Bryndís Bergþórsdóttir. (2024). *The impact of Orðaheimurinn language intervention on the vocabulary of monolingual and multilingual Icelandic-speaking preschoolers: Findings of CRCT* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/48623>
- Council for Exceptional Children. (2014). Standards for evidence-based practices in special education. *Teaching Exceptional Children*, 46(6), 206–212. <https://doi.org/10.1177/0040059914531389>
- Coyne, M. D., Simmons, D. C., Kame'enui, E. J. og Stoolmiller, M. (2004). Teaching vocabulary during shared storybook readings: An examination of differential effects. *Exceptionality*, 12(3), 145–162. https://doi.org/10.1207/s15327035ex1203_3
- Crowe, K., Cuervo, S., Guiberson, M. og Washington, K. N. (2021). A systematic review of interventions for multilingual preschoolers with speech and language difficulties. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 64(11), 4413–4438. https://doi.org/10.1044/2021_JSLHR-21-00073
- Dickinson, D. K., Nesbitt, K. T., Collins, M. F., Hadley, E. B., Newman, K., Rivera, B. L., Hande Ilgez, H., Nicolopoulou, A., Michnick Golinkoff, R. og Hirsh-Pasek, K. (2019). Teaching for breadth and depth of vocabulary knowledge: Learning from explicit and implicit instruction and the storybook texts. *Early Childhood Research Quarterly*, 47, 341–356. <https://doi.org/10.1016/j.ecresq.2018.07.012>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101–128). Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ; Háskólaútgáfan.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2011). The relationship between bilingual exposure and vocabulary development. *International Journal of Bilingualism*, 15(4), 426–445. <https://doi.org/10.1177/1367006911403202>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2017). Are background variables good predictors of need for L2 assistance in school? Effects of age, L1 amount, and timing of exposure on Icelandic language and nonword repetition scores. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, 23(4), 400–422. <https://doi.org/10.1080/13670050.2017.1358695>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2021). Adolescent language outcomes in a complex trilingual context: When typical does not mean unproblematic. *Journal of Communication Disorders*, 89, 106060. <https://doi.org/10.1016/j.jcomdis.2020.106060>
- Elín Þöll Þórðardóttir og Anna G. Júlíusdóttir. (2012). Icelandic as a second language: A longitudinal study of language knowledge and processing by school-age children. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, 16(4), 411–435. <https://doi.org/10.1080/13670050.2012.693062>
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2000). Kraftaverk og kræsingar. Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frímannsdóttir (ritstjórar), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (bls. 67–90). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands; Íslenska lestrarfélagið.
- Han, M., Moore, N., Vukelich, C. og Buell, M. (2010). Does play make a difference? How play intervention affects the vocabulary learning of at-risk preschoolers. *American Journal of Play*, 3(1), 82–105. <https://www.museumofplay.org/app/uploads/2022/01/3-1-article-does-play-make-a-difference.pdf>
- Hanna Einarsdóttir. (2024). *The social validity of Orðaheimurinn for supporting multilingual children's Icelandic vocabulary development: Perspectives from teachers and directors* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/47053>
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Íris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.8>
- Hulme, C., West, G., Rios Diaz, M., Hearne, S., Korell, C., Duta, M. og Snowling, M. J. (2025). The Nuffield early language intervention (NELI) programme is associated with lasting improvements in children's language and reading skills. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 66(9), 1357–1365. <https://doi.org/10.1111/jcpp.14157>
- Hutchins, C. og Schmitt, M. B. (2024). Group size: An active ingredient of school-based language therapy. *Language, Speech, and Hearing Services in Schools*, 55(3), 781–802. https://doi.org/10.1044/2024_LSHSS-23-00047
- Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2016). The predictive value of preschool language assessment on academic achievement: A 10-year longitudinal study of Icelandic children. *American Journal of Speech-Language Pathology*, 25(1), 67–79. https://doi.org/10.1044/2015_AJSLP-14-0184

- Jóhanna T. Einarsdóttir, Eyrún Agnarsdóttir og Íris Ösp Bergþórsdóttir. (2022). Tvítýngd börn, orðaforði og sögulestur. Í Jóhanna T. Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn* (bls. 137–167). Háskólaútgáfan.
- Kate Crowe. (2025). Orðaheimurinn á Íslandi. *Talfræðingurinn*, 27(1), 8–14. <https://www.talmein.is/wp-content/uploads/2025/06/Talfræðingurinn-27.argangur-2025.pdf>
- Lichtman, M. (2012). *Qualitative research in education: A user's guide*. Sage.
- Marulis, L. M. og Neuman, S. B. (2010). The effects of vocabulary intervention on young children's word learning: A meta-analysis. *Review of Educational Research*, 80(3), 300–335. <https://doi.org/10.3102/0034654310377087>
- McLeod, R. H., Kaiser, A. P. og Hardy, J. K. (2019). The relation between teacher vocabulary use in play and child vocabulary outcomes. *Topics in Early Childhood Special Education*, 39(2), 103–116. <https://doi.org/10.1177/0271121418812675>
- National Institute of Child Health and Human Development. (2000). *Report of the National reading panel: Teaching children to read; an evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction*. Government Printing Office.
- Neuman, S. B. (2017). *The world of words: A shared-book reading program to promote vocabulary* [white paper]. New York University.
- Neuman, S. B. og Dwyer, J. (2011). Developing vocabulary and conceptual knowledge for low-income preschoolers: A design experiment. *Journal of Literacy Research*, 43(2), 103–129. <https://doi.org/10.1177/1086296X11403089>
- Neuman, S. B. og Kaefer, T. (2018). Developing low-income children's vocabulary and content knowledge through a shared book reading program. *Contemporary Educational Psychology*, 52(4), 15–24. <https://doi.org/10.1016/j.cedpsych.2017.12.001>
- Neuman, S. B., Kaefer, T. og Pinkham, A. (2016). Improving low-income preschoolers' word and world knowledge: The effects of content-rich instruction. *The Elementary School Journal*, 116(4), 652–674. <https://doi.org/10.1086/686463>
- Neuman, S. B., Newman, E. H. og Dwyer, J. (2011). Educational effects of a vocabulary intervention on preschoolers' word knowledge and conceptual development: A cluster-randomized trial. *Reading Research Quarterly*, 46(3), 249–272. <https://doi.org/10.1598/RRQ.46.3.3>
- Neuman, S. B., Samudra, P. og Danielson, K. (2021). Effectiveness of scaling up a vocabulary intervention for low-income children, Pre-K through first grade. *The Elementary School Journal*, 121(3), 385–409. <https://doi.org/10.1086/712492>
- Oller, D. K., Pearson, B. Z. og Cobo-Lewis, A. B. (2007). Profile effects in early bilingual language and literacy. *Applied Psycholinguistics*, 28(2), 191–230. <https://doi.org/10.1017/S0142716407070117>
- Pearson, P. D. (2019). Time, complexity, and the enduring importance of words. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 159–169). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Proctor, C. P. og Zhang-Wu, Q. (2019). Cross-linguistic relations among bilingual and biliterate learners. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 218–234). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir. (2022). Málleg samskipti starfsmanna við börn með íslensku sem annað mál og börn með íslensku sem móðurmál. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.1>
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Íslenskur orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Sérriit Netlu 2016 – Um læsi*. http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf
- Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/alm/023.pdf>
- Sigríður Ólafsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Jóhanna Runólfsdóttir. (2022). Viðhorf leikskólustarfsmanna til málörvunar barna sem hafa íslensku sem annað mál. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.4>

- Sigrún Alda Sigfúsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir, Þorlákur Karlsson og Íris Ösp Bergþórsdóttir. (2020). Orðaforðakennsla með sögulestri fyrir börn með málþroskaröskun. *Netla – Veftímarit um uppleði og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.4>
- Spiewak Toub, T., Hassinger-Das, B., Turner Nestbitt, K., Ilgaz, H., Skolnick Weisberg, D., Hirsh-Pasek, K., Michnick Golinkoff, R., Nicolopoulou, A. og Dickinson, D. K. (2018). The language of play: Developing preschool vocabulary through play following shared book-reading. *Early Childhood Research Quarterly*, 45, 1–17. <https://doi.org/10.1016/j.ecresq.2018.01.010>
- Storch, S. A. og Whitehurst, G. J. (2002). Oral language and code-related precursors to reading: Evidence from a longitudinal structural model. *Developmental Psychology*, 38(6), 934–947. <https://doi.org/10.1037/0012-1649.38.6.934>
- Svava Heiðarsdóttir. (2022). *Orðaheimurinn: Málörvun fjöltyngdra leikskólabarna með kennslustýrðri nálgun* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/43203>
- Sweeney, J. og Cable, A. (2018). *Me and my family tree*. Dragonfly Books.
- Sædís Dúadóttir Landmark. (2022). *Orðaheimurinn: Málörvun fjöltyngdra leikskólabarna í gegnum leik* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/43377>
- Webb, S. (2020). Incidental vocabulary learning. Í S. Webb (ritstjóri), *Routledge handbook of vocabulary studies* (bls. 225–239). Routledge.
- West, G., Snowling, M. J., Lervåg, A., Buchanan-Worster, E., Duta, M., Hall, A. og Hulme, C. (2021). Early language screening and intervention can be delivered successfully at scale: Evidence from a cluster randomized controlled trial. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 62(12), 1425–1434. <https://doi.org/10.1111/jcpp.13415>
- What Works Clearinghouse, Institute of Education Sciences og U.S. Department of Education. (2023). *World of Words*. https://ies.ed.gov/ncee/wwc/InterventionReport/731?utm_medium=email&utm_source=newsflash



Sædís Dúadóttir Landmark, Svava Heiðarsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Þóra Másdóttir. (2025). Orðaheimurinn – Fýsileikarannsókn á málörvunarefni fyrir fjöltyngd leikskólábörn. *Netla – Veftímarit um uppleði og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/21>